

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags 82 Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið 8. des. því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56 23. júní 1936, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og lög nr. 34 13. júní 1937, um heimild fyrir ríkisstjórnina til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. desember 1952.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

L Ö G

um breyting á lögum nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

83

8. des.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Yfirstjórn skólans hefur samgöngumálaráðuneytið.

Ráðherra skipar til 4 ára í senn fimm manna skólanefnd, er hefur á hendi yfirumsjón skólans. Skal nefndin skipuð einum matreiðslumanni, einum framreiðslumanni, einum veitingamanni og einum fiskiskipsmatsveini, og skulu þessir menn skipaðir eftir tilnefningu hlutaðeigandi stéttarsamtaka, en fimmti nefndarmaðurinn án tilnefningar. Ráðherra skipar einn nefndarmannanna formann. Ráðherra skipar skólastjóra og kennara skólans, að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri skal jafnframt vera bryti skólans.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. desember 1952.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*